

Anton Kári Halldórsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. apríl 2012
Tilvísun: UST20120300076/ksj

Eldgjá í Skaftárhreppi. Lýsing deiliskipulags fyrir þjónustusvæði og stígagerð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu deiliskipulags fyrir þjónustusvæði og stígagerð fyrir Eldgjá í Skaftárhreppi.

Stærð skipulagssvæðis er 110 ha. Í lýsingunni kemur fram eftirfarandi:

„Vatnajökulsþjóðgarður áformar að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn í Eldgjá. Leggja á mat á hvort ástæða sé til að gera ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir landverði, nýtt og/eða endurbætt snyrtihús, setja upp upplýsingaskilti og afmarka bílastæði. Skipulagið tekur einnig til göngustígakerfis um svæðið og endurbóta á tröppum við Óferufoss og gíg ofan við snyrtihúsið.“

Byggingar

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir allt að 20 m² snyrtihúsi og einnig kemur fram að hugsanlega er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir landverði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi skýrar upplýsingar um umfang og útlit snyrtihúss og aðstöðuhúss fyrir landverði ef til kemur. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi rök fyrir efnisvali og staðsetningu beggja húsa, ásamt því að gerð verði grein fyrir staðsetningu upplýsingaskilta bæði við bílastæði og þjónustuhús.

Frárennsli


Í lýsingu að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði og stígagerð í Eldgjá í Skaftárhreppi er gert ráð fyrir að koma upp snyrtihúsi/aðstöðu fyrir ferðamenn og mögulega aðstöðuhúsi fyrir ferðamenn. Að mati Umhverfisstofnunar ætti í lýsingu að koma fram hvernig leysa á frárennsli frá ofangreindum aðstöðuhúsum, og hvernig staðsetning á rotþró/safnþró komi til með að verða.


Endurbætur á göngustígakerfi og tröppum við Ófærufoss og gíg ofan við snyrtihús

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem í ofangreindri lýsingu kemur fram að skipulagið taki einnig til göngustígakerfis um svæðið og endurbóta á tröppum við Ófærufoss og gíg ofan við snyrtihúsið, þá er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fram komi í deiliskipulagi hvers konar endurbætur eru áætlaðar varðandi ofangreind atriði. Einnig er mikilvægt að öll efnisnotkun við endurbætur á tröppum og stígakerfi verði lýst og gerð greinargóð skil í deiliskipulaginu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir á þjónustusvæði Eldgjá séu notaðar umhverfisvottaðar vörur, hvort sem um er að ræða timbur, málningavörur eða aðrar vörur, sé þess nokkur kostur.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun